


Starfsskýrsla 2017

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna í landinu. Svæði HNV er víðfeðmt en það nær frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og síðan alla leið suður á Hveravelli. Svæðin hafa með sér náið samband og deila upplýsingum og samræma vinnubrögð. Hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins er annars vegar einkum að sinna eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi og hins vegar stjórnsýsla sem felur í sér lögbundnar umsagnir, m.a. um leyfisveitingar sýslumanna og skipulagsyfirvalda.



Gula svæðið á kortinu sýnir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Almennt

Það voru gerðar talsverðar breytingar á lögum og reglum sem gilda um verkefni heilbrigðiseftirlitsins.

Fyrst ber að nefna breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 7/1998 um hollusthætti og mengunarvarnir, þegar inn í lögina var felld tilskipun nr. 2010/75/ESB, um losun frá iðnaði. Í sjálfu sér var ekki þörf á að setja umrædda Evróputilskipun inn í lagatexta. Nægt hefði að innleiða hana með reglugerð. Með því að fella inn í lagatextann ýmis tæknileg ákvæði í tilskipunni m.a. um starfsemi sem ekki er að finna á Íslandi, á borð við olíuhreinsistöðvar ofl. voru lögina gerð gríðarlöng eða 66 lagagreinar, auk 5 viðauka. Lögina sem fjalla í meginatriðum um skipulag málaflokksins s.s. um; skipulag, gangverk stjórnsýslunnar og þvingunarúrræði í málaflokknum, eru óneitanlega orðin óskýrari eftir breytingarnar.

Fyrir utan innleiðingu á Evróputilskipuninni, þá fól lagasetningin í sér tvær meginbreytingar á gangverki stjórnsýslunnar í málaflokknum.

Í fyrsta lagi var opnað á, að í stað þess að fyrirtæki og stofnanir þyrftu starfsleyfi að þá væri í þess stað hægt að skrá starfsemi, í miðlægan gagnagrunn hjá Umhverfisstofnun á grundvelli þess að þau uppfylltu almennar kröfur sem gerðar verða til umræddrar starfsemi í reglugerð. Markmið með breytingunni var að einfalda leyfisveitingarferlið fyrir hollustuháttar- og mengandi fyrirtæki. Þær útfærslur sem komið hafa fram í drögum að reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit, benda eindregið til þess að sú ætlan geti snúist upp í andhverfu sína. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að heilbrigðisnefndir hafa samkvæmt gildandi reglum getað notað þekkingu á staðhættum til þess að auglýsa einungis lítinn hluta af

starfsleyfissskilyrðum fyrirtækja og haft svigrúm til þess að óska eftir upplýsingum um starfsemi fyrirtækja eftir því sem við á. Í áðurnefndum drögum er gerð fortakslaus krafa um upplýsingar frá stórum sem smáum fyrirtækjum og ekki gefinn kostur á að heilbrigðisnefnd geti beitt staðbundinni þekkingu til þess einfalda leyfisveitingarferilinn eins og unnt er nú.

Sömuleiðis er komin fram útfærsla á verkferlum við fyrirhugaða skráningaskyldu og hvaða gögn þurfi að fylgja með tilkynningu til þess, að skráning á starfsemi verði tekin til meðferðar. Ef farið verður fram á yfirlýsingu frá skipulagsyfirvöldum, eldvarnareftirliti heilbrigðisnefnd, vinnueftirliti ofl. áður þá er hægt verður að fá skráningu, þá er augljóst að skráningarskyldan sem átti að einfalda leyfisveitingarferilinn hefur gert hann þyngri.

Í öðru lagi þá kom fram sú breyting að eftirliti er ætlað að taka saman skýrslu í lok hvers eftirlits og birta hana á heimasíðu eftirlitsins. Umrædd nýbreytni er mjög jákvæð og er verið að vinna að gerð hugbúnaðar, sem gerir kleift að varpa eftirlitsskýrslum á heimasíður um leið og þær eru færðar inn í eftirlitskerfi heilbrigðiseftirlitana. Hér á Norðurlandi vestra eru skýrslurnar nokkurhundrað á ári hverju og því mikilvægt að birting skýrslna gerist með sjálfvirkum hætti.

Ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017 leit dagsins ljós á árinu og hefur hún þær helstu breytingar í för með sér að eftirlit með olútönkum á hafnarsvæðum, færast frá Umhverfisstofnun og til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Önnur veigamikil breyting er að ekki er lengur gerð fortakslaus krafa um að niðurgrafnir tankar verði endurnýjaðir á um 25 ára fresti, heldur er heimilt að hafa þá lengur óhreyfða í jörðu að því uppfylltu að það sé gerð úttekt á búnaði tanka.

Í síðustu starfsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra var því haldið fram að það sæi fyrir endann á starfi við endurskoðun á fráveitureglugerð nr. 798/1998. Þær vonir rættust því miður ekki og hefur starfið í nefndinni staðið í á fimmta ár og er orðið löngu tímabært að ljúka starfinu.

Sú óljósa staða sem uppi hefur verið um langt skeið hvaða breytingar verða gerðar á fráveitureglugerðinni, hafa orðið til þess að sveitarfélög hafa frestað að fara í framkvæmdir. Ráðamenn hafa eðlilega talið óráðlegt að fara í framkvæmdir sem mögulega verða ekki í samræmi við reglur sem hafa um árabil verið í burðarliðinum.



Heilbrigðisnefndin; Guðný, Haraldur, Sigríður, Ína, Anna M. en á myndina vantar Brynju I.

Heilbrigðisnefnd í mars 2018 á myndina vantar Brynju I Hafsteinsdóttur.

Heilbrigðisnefnd og rekstur

Í 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er ákvæði um heilbrigðisnefndir: Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Á árinu 2017 voru haldnir átta stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Samþykkt voru 70 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Heilbrigðisnefnd var skipuð með eftirfarandi hætti á árinu 2017:

Sigríður Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður.
Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, varaformaður
Haraldur Þór Jóhannsson, Skagafirði, ritari.
Brynja I. Hafsteinsdóttir, Fjallabyggð.
Anna Margrét Sigurðardóttir, Blönduósi.
Guðný Helga Kristjánsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.

Niðurstaða reksturs Heilbrigðiseftirlitsins var jákvæður á árinu 2017.

Heilbrigðisfulltrúarnir Sigurjón Þórðarson, Sigríður Hjaltadóttir, Steinunn Hjartadóttir í sömu starfshlutföllum hjá eftirlitinu og á síðustu árum.

Eina breytingarnar á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlitsins voru að Gígja Sigurðardóttir kom til skrifstofustarfa í 40% starf og heilbrigðisfulltrúinn Þorsteinn Þorvarðason var ráðinn í tímabundið verkefni.

Mengun

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft eftirlit með mengun á starfssvæðinu. Eftirlitið og ekki síður sú umræða sem hefur verið um málaflokkuinn hefur skilað áþreifanlegum árangri í bættum mengunarvörnum.

Á árinu 2017 var þrýst á dreifingaraðila eldsneytis fyrir bifreiðar að bæta mengunarvarnir en víða vantar fullnægjandi frágang á mengunarvörnum á bensínstöðvum á svæðinu. Það sem einkum er misbrestur á, er að olflugildrur séu staðsettar við áfyllingar- og afgreiðslulön.

Sveitarfélagið Fjallabyggð hefur farið í miklar endurbætur á fráveitukerfi byggðakjarnanna en til þess að fullnægjandi árangur náist, þá þurfa úrbætur að ná inn í framleiðslufyrirtækin á staðnum. Á árinu 2017 varð enn á ný vart við talsverða sjónmengun frá framleiðslufyrirtækjum, í höfninni á Siglufirði. Almenna reglan er sú að best leiðin til þess að ráða bót á mengun frá fyrirtækjum er að gera það með því að nýta betur hráefni sem fer til vinnslu þannig að sem minnst af eignum berist út í fráveituvatn og í viðtakann.

Heilbrigðiseftirlitið kemur jafnan að hreinsunaráttökum í sveitarfélögum, þar sem markmiðið er að taka til á opnum svæðum og lóðum. Eigendum járnarusls og númerslausa bíla er þá gefinn frestur til að fjarlægja hluti, að öðrum kosti verða þeir fjarlægðir. Hingað til hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra litið svo á að ríkari forsendur þyrfti til þess að fjarlægja númerslausa bíla af einkalóðum s.s. að olía væri að leka af bílum eða þá að rúður og ljós væru brotin þannig að slyshætta stafaði af bílflökum. Í úrskurði Úskurðarnefndar umhverfis- og auðlindanefndar sem kveðinn var upp haustið 2017, kom skýrt fram að heilbrigðiseftirlitið hefur heimild til þess að fjarlægja númerslausa bíla á einkalóðum, á þeirri forsendu einni að um væri að ræða lýti á umhverfinu. Það er ljóst að úrskurðurinn auðveldar mjög tiltekt á einkalóðum.

Matvælaeftirlit

Á vordögum 2014 fór HNV í sérstakt eftirlitsverkefni með veitingahúsum á Norðurlandi vestra í samráði við veitingamenn á svæðinu. Niðurstöður ákveðinna eftirlitsþátta og ljósmyndir voru settar á netið fyrir neytendur. Verkefnið var á sínum tíma tilnefnt til norræna eftirlitsverðlauna.

Á árinu var ákveðið að gera hlé á verkefninu og kom einkum tvennt til. Í fyrsta lagi þá kom fram frumvarp um breytingu á matvælalögum um að birta eftirlitsskýrslur og ef það hefði orðið að lögum þá hefði það yfirtekið markmið eftirlitsverkefnisins um að veita frekari upplýsingar til neytenda. Í öðru lagi þá var komið að þeim tímamarki að skerpa á verkefninu og endurnýja það.

Veigamikill þáttur í eftirlit Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er að hafa eftirlit með fjölmörgum vatnsbólum á svæðinu. Niðurstöður vatnssýna gefa yfirleitt til kynna að ástand neysluvatns sé mjög gott bæði hvað varðar efna- og örveruinnihald. Á haustmánuðum kom upp frávík á gæðum neysluvatns á Ólafsfirði og tók nokkrar vikur að bæta þar úr og gefa niðurstöður vatnssýna nú til kynna að afar vel hafi tekist til við endurbætur.

Talsverður áhugi er meðal bænda að selja matvæli beint frá býli. Aukinn áhugi er einnig meðal fleiri aðila sem vilja þróa vinnslu ýmissa matvæla í matarsmiðjum með tengslum við hugmyndafræði um upplifun neytenda, um að þeir séu að kaupa vistvæna vöru frá ábyrgum framleiðenda, með tryggum gæðum. Hið opinbera ýtt undir þennan áhuga með ýmsum verkefnum og stuðningi við matarsmiðjur. Heilbrigðiseftirlitið telur að rétt sé að þróa frekar, þá lagalegu umgjörð um þessa starfsemi, sem snýr leyfisveitingu og eftirliti. Það er rétt að fara yfir hver reynslan og hverju þarf helst að breyta í reglugerð nr. 580/2012, um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytend og staðbundinna smásölufyrirtækja.

Borið hefur á að ábótavant sé að merkingar matvæla frá framleiðslufyrirtækjum einkum frá minni bakaríum, sem sett eru í dreifingu í verslunum, séu samræmi við reglugerð 1294/2014. Framleiðslufyrirtækin hafa haft drjúgan aðlögunartíma eða rúm 4 ár til þess að koma merkingum í samræmi við reglur. Ástæðan fyrir því að enn er misbrestur á að merkingar séu í

lagi eru ýmsar m.a: regluverkið sem þarf að uppfylla er flókið. Íslensk framleiðslufyrirtæki eru oft á tíðum lítil og að framleiða gjarnan margar vörutegundir. Það getur því verið nokkur vinna í að koma merkingum í fullnægjandi horf. Það er ljóst að Heilbrigðiseftirlitið þarf að leggja meiri áherslu á málaflökkinn og jafnframt þarf að auka skilning á að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um innihaldsefni matvæla.


Sérstaklega mikilvægt er að merkja með skýrum hætti ofnæmis- og óþolsvalda. Á árinu 2017, var farið í sameiginlegt eftirlitsverkefni með Matvælastofnun og hinum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, þar sem könnuð var upplýsingagjöf til neytenda á; veitingastöðum ofl. stöðum, á innihaldi ofnæmis- og óþolsvalda í matvælum. Í framhaldinu af þessari könnun fóru nokkur veitingahús yfir matseðla sína, með það fyrir augum að merkja greinilegar, ef réttur á matseðli innhéldi ofnæmis- eða óþolsvalda. Einnig settu bakarí upp skilti í afgreiðslu þar sem þeim orðum var beint til viðskiptavina að þeir gætu leitað eftir upplýsingum hjá afgreiðslufólki um innihald matvæla.



Bæta þarf upplýsingagjöf til neytenda um innihald matvæla einkum frá minni bakaríum

Hollustuháttaeftirlit

Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með þrif- og öryggismálum í skólum, þrifnaði á gististöðum og salernum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almennum þrifum og sótthreinsun sundlaugavatns, fótaaðgerða-, húðflúr- og tannlæknastofum auk stofnana sem almenningur sækir þjónustu til, s.s. heilbrigðisstofnana.



Skálar með æti fyrir myglu – ef gró fellur á það vex upp mygluþyrping.

Á árinu 2017 hélt áfram umræðan um myglumengað húsnæði og áfram talsvert um að óskað væri eftir skoðun á íbúðar- og atvinnuhúsnæði með tilliti til þess hvort sveppagróður væri í húsnæðinu. Yfirleitt er húsnæði mjög gott en umræðan og áhyggjurnar endurspeгла ekki raunverulega stöðu.

Foreldrar yngri deildar leikskólans Ársala á Sauðárkróki við Víðigrund höfðu miklar áhyggjur af ástandi húsnæðis skólans og settu það í samhengi við heilsu barna á leikskólanum.

Heilbrigðiseftirlitið gerði athugun í apríl á árinu 2017 og gáfu niðurstöður þeirrar athugana tilefni til að álykta að mygla í innilofti sé ekki vandamál í húsnæðinu.

Það er rétt að hafa vakandi auga með áhrifum raka á heilsu fólks án þess að hrapa að ályktunum ef upp koma veikindi. Mikilvægt er að hafa í huga að börn á leikskólum og dagheimilum eru tvisvar til sjö sinnum oftari veik en börn sem eru heima hjá sér. Börn á aldrinum hálfis árs til tveggja ára eru veik að meðaltali 24 daga á ári. Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að með betri handþvotti á leikskólum væri hægt að fækka sjúkdómstilfellum um 34%.

Á árinu voru gerðar breytingar á reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og tóku breytingarnar gildi strax við birtingu reglugerðarinnar. Meginefni breytinga umhverfisráðherra á reglugerð, um hollustuhætti fólu í sér útfærslu á nýsamþykktum lögum, um að rýmka reglur um heimagistingu. Ekki er lengur gert ráð fyrir reglulegu eftirliti né starfsleyfi Heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu fer einn með leyfisveitingu fyrir alla heimagistingu á landinu, en á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra nær leyfisveiting til 9 gististaða. Breytingarnar náðu einnig til fleiri þátta m.a um aukinn fjölda salerna á veitinga og samkomuhúsum. Það gerðist með þeim hætti að felld voru á brott ákvæði í hollustuháttareglugerðinni um fjölda snyrtinga sem voru vægari, en kröfur sem er að finna í byggingarreglugerð. Nú standa því eftir ákvæði byggingarreglugerðarinnar sem geta kallað strax á umtalsverðar breytingar á innréttingu veitinga- og samkomuhúsa.



Dæmi um áhrif breytinganna er að lítið kaffihús með 4 borðum fyrir um 20 gesti þarf nú að bjóða gestum upp á 2 salerni, en fyrir breytingarnar var 1 salerni nægjanlegt.

Lítill áhugi virðist vera hjá eigendum veitingastaða á starfssvæðinu að bjóða eigendum gæludýra að koma með hunda og ketti inn á veitingastaði, en það hefur ekki komið ein fyrirspurn eða ósk um að útfæra starfsleyfi á þann veg að það sé heimilt.

Apríl 2018,
Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri